

Ár 2009, mánudaginn 7. desember er dómþing í dómstól ÍSÍ sett og háð af Gunnari Guðmundssyni að Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi

Fyrir er tekið:

Mál nr.6/2009

Þórður Þorgeirsson

gegn

Aganefnd Landsambands hestamanna

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR.

I.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 9 október sl. Kærandi er Þórður Þorgeirsson kt. 630295-2709. Kærði er Aganefnd Landsambands hestamanna.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól ÍSÍ þann 10. október sl. Málflutningur fór fram þann 16. nóvember s.l.

Dómkröfur kæranda.

Kærandi krefst þess að dómstóll ÍSÍ ógildi úrskurð Aganefndar LH frá 29. september 2009. Til vara er þess krafist að keppnisbann verði stytta og jafnframt að úrskurðurinn verði ekki tilkynntur til stjórnar FEIF.

II.

Í kæru rökstyður lögmaður kæranda kröfur umbjóðanda síns með eftirfarandi hætti:

"Aganefndin fer ekki að lögum um málsmeðferð sem við á í þessu máli. Það eina sem liggur fyrir um kæru landsliðsvaldar Einars Ö. Magnússonar er ódagsett skýrsla sem símsend er aganefnd 25. ágúst 2009. Hún er einfaldlega alltof seint fram komin en mótinu lauk 9. ágúst 2009. Í 8. grein reglugerðar um aganefnd LH segir m.a.: "Skýrslur skulu sendar í bréfsíma eða tölvupósti innan 48 tíma frá mótslokum."

Þórði var aldrei tilkynnt formlega (bréflega) um brottvikningu sína eða nákvæmar málsástæður fyrr en við fyrirtöku málsins hjá aganefnd hinn 1. september 2009. Þá eru í úrskurði aganefndar tilgreindar munnlegar skýrslur ýmissa mótsgesta sem Þórði gafst aldrei tækifæri á að gera athugasemdir við.

Það eru engin gögn sem benda til þess að Þórður hafi sýnt hrossið sitt undir áhrifum áfengis og hefur hann því skv. reglum FEIF ekki brotið neinar keppnisreglur þeirra.

Úrskurður aganefndar byggir alfarið á yfirlýsingu sem Þórður og aðrir þátttakendur í ferðinni til Sviss undirrituðu þar sem kveðið er á um bann við neyslu áfengis alla mótisdagana. Þetta samkomulag er með öðrum orðum einkasamningur Þórðar og landsliðsnefndar sem ekki á að valda slíkum viðurlögum sem úrskurður agadómstóls LH kveður á um.

Með tilkynningu til FEIF um úrskurð aganefndar LH um keppnisbann færir Þórður sjálfkrafa í keppnisbann hjá aðildarlöndum FEIF jafnvel þó fyrir liggi að hann hafi ekki brotið neinar keppnisreglur FEIF. Vegna þessarar veilu í reglum FEIF er nauðsynlegt að gera þá kröfu að úrskurður aganefndar um keppnisbann verði ekki tilkynntur FEIF þar sem með því tæki keppnisbann skv. agadómstól LH sjálfkrafa gildi í FEIF löndunum fyrir sakir sem teljast ekki bort á reglum FEIF.

Það liggja fyrir upplýsingar um tvö agabrot keppenda á erlendri grundu. Annað dæmið er þegar Magnús Lindkvist **sló mjög gróflega hest sinn** á keppnisvelli að lokinni keppnisgrein og fékk hann 24 mánaða keppnisbann fyrir það brot. Annað dæmi sem reynt verður að afla frekari gagna um er að Jóhann Haeggberg hafi fengið 3ja mánaða keppnisbann fyrir **ölvun í keppni**. Undirstrikað er að engar ásakanir hafa komið fram um að Þórður hafi sýnt sinn hest sinn undir áhrifum áfengis. Úrskurður aganefndar LH er því með öllu óskiljanlegur hvað hörku varðar."

Þrátt fyrir að undirritaður hafi í gögnum málsins verið skráður sem lögfræðingur og talsmaður Þórðar bærust gögn málsins frá aganefnd til mín ekki fyrr en með afhendingu gagna á skrifstofu LH miðvikudaginn 7. október 2009."

III.

Af hálfu hinnar kærðu nefndar er hafnað þeirri kröfu að fella beri úrskurð nefndarinnar úr gildi. Hvað varðar sjónarmið um að úrskurður nefndarinnar sé of þungur, telur nefndin að hún hafi fært fram málefnaleg sjónarmið um þyngd agaviðurlaganna í úrskurðinum og óskar þess að hann verði staðfestur án breytinga.

- I. Í kæru er þess getið sem rök fyrir ógildingu úrskurðar Aganefndar LH að nefndin hafi ekki farið að lögum við málsmeðferð sem við eigi í máli þessu. Er vitnað til þess að það eina sem liggja fyrir um kæru "landsliðsnefndarinnar" Einar Öders Magnússonar (EÖM) sé ódagsett skýrsla sem hafi verið símsend Aganefnd 25. ágúst 2009. Sé þessi skýrsla allt of seint fram komin þar sem umræddu heimsmeistaramóti hafi lokið 9. ágúst 2009. Er um þetta vitnað til 8. greinar reglugerðar um aganefnd LH þar sem segi m.a. "Skýrslur skulu sendar í bréfsíma eða tölvupósti innan 48 tíma frá mótslokum."

Um ofangreinda ógildingarkröfu þessa á úrskurði Aganefndar er þetta að segja: Hér virðist lögmaður ÞP vísvitandi vitna í aðra grein reglugerðarinnar en á beint við í máli þessu. Í 8. gr. reglugerðar um Aganefnd LH segir "Aganefnd kemur eins oft saman og þurfa þykir. Hún skal kveða upp úrskurði sína innan 3 sólarhriga frá því að skýrsla yfirdómnefndar berst nefndinni. Skýrslur skulu sendar í bréfsíma eða tölvupósti innan 48 tíma frá mótslokum. Jafnframt skal frumrit af skýrslum yfirdómnefndar póstlagðar og sendar aganefnd." Í 6. gr. reglugerðar um

Aganefnd þar sem fjallað er m.a. um brot keppenda á reglum um ferðalög innanlands og utan segir hins vegar: *”....skal fararstjóri kynna Aganefnd skýrslu um brotið eigi síðar en 48 tímum eftir heimkomu viðkomandi aðila”*. Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði nefndarinnar þá barst nefndinni málið með þeim hætti að innan hins tilgreinda 48 klst frests frá því að heimsmeistaramótinu í Sviss lauk hafði formaður landsliðsnefndar, Bjarnleifur Bjarnleifsson (BB) samband við formann aganefndar LH og gaf munnlega skýrslu og gerði grein fyrir málinu. ÞP hafði þá verið vikið úr landsliðinu af þeim ástæðum sem í úrskurði greinir. Tilkynnti BB formanni Aganefndar um það og ástæður þess að svo hefði farið. Var ennfremur boðað að skriflega yrði greint frá atvikinu og einnig að um það yrði fjallað í skýrslu “landsliðseinvalds” um heimsmeistaramótið. Tekið skal fram að þegar þetta var gert var landsliðið og starfsmenn þess enn erlendis. BB var fararstjóri í umræddri ferð sem formaður landsliðsnefndar. Um síðari skriflegar greinargerðir er vitnað til hins kærða úrskurðar.

Einnig skal tekið fram varðandi tímaramma þann sem fjallað er um í 8. gr. að í greininni er átt við atvik sem eiga sér stað í keppninni sjálfri á vellinum. Þar er tekið fram að Aganefnd eigi að kveða upp úrskurð sinn innan 3 sólarhringa frá því að skýrsla yfirdómnefndar barst aganefnda og að slíkar skýrslur eigi þá að hafa borist nefndinni með bréfsíma eða tölvupósti innan 48 tíma frá mótslokum. Ljóst er að hér er verið að fjalla um atvik er snerta úrslit móta, röðun í sæti og annað slíkt. Því væri hvítleitt ef slíkar tilkynningar og úrskurðir bærust seint og um síðir. Þröngir frestir þessarar greinar eiga því engan veginn við um umrætt mál.

- II. Í kæru kemur ennfremur fram að Þórði hafi aldrei verið tilkynnt formlega (bréflega) um brottvikningu sína eða nákvæmar málsástæður fyrir en við fyrirtöku málsins hjá Aganefnd hinn 1. september 2009. "

Í hinum kærða úrskurði kemur fram að bæði tveir nafngreindir einstaklingar báðu Þórð að láta af frekari agabrotum á reglum LH um ferðalög á heimsmeistaramótinu, en í úrskurðinum er þeim nánar lýst. Var honum jafnframt gert ljóst að áframhaldandi agabrot af hans hálfu væri ekki ásættanleg. Við brottvikningu Þórðar úr landsliðinu á laugardeginum ræddi EÖM jafnframt við hann. Síðan segir orðrétt í greinargerð kærða:

"Á það má hins vegar fallast að réttast væri að tilkynna landsliðsmanni sem vikið er úr landsliði skriflega um þá ákvörðun og tilkynna þar jafnframt um ástæður brottvikningarinnar. Hins vegar er ekki hægt að fallast á það ÞP hafi ekki verið kunnugt um ástæður brottvikningarinnar, um það vitnar m.a. afsökunarbeiðni ÞP þar sem hann biðst afsökunar á “agabrotum” sínum. Ljóst er hins vegar að ÞP kærði sig ekki um að segja satt og rétt frá þegar hann kom fyrir Aganefnd LH. Fyrir nefndinni segist ÞP ekki hafa drukkið neitt um mótisdagana nema á hinu svokallaða Þjóðakvöldi. Hins vegar telur Aganefnd ljóst að ÞP hafi verið drukkinn önnur kvöld keppnisvikunnar. Þessi staðreynd er studd fjölda umsagna aðila, m.a. EÖM sem sá ástand ÞP og fann af honum megná vínlykt.

Nafngreindir voru einstaklingar og vitni sem sáu til drykkjuskapar ÞP. Aganefnd LH taldi hins vegar að ekki væru tök eða þörf á því að tala við fleiri aðila (erlenda og innlenda) til að sýna fram á drykkjuskap ÞP, þó slíkt hefði verið hægt. Einhverstaðar verður málsmeðferð mála sem þessara að ljúka, enda ekki um opinbert refsímál að ræða og sönnunarbyrðin ekki sú sama. Almennt mat landsliðsnefndar, fararstjóra og landsliðsnefndar og annarra þeirra er umgengust ÞP á þessu móti um ástand hans dugar þar vel til ásamt öðru sem nefnt er í hinum kærða úrskurði. Verður að treysta á almenna mælikvarða í slíkum málum svo framarlega sem ekki séu beinlínis settar fram kröfur um annað mat eða sönnun.

Við skýrslutöku af ÞP hjá Aganefnd lá þegar fyrir afsökunarbeiðni hans, dags. 14. ágúst 2009. Það virtist því ekki há ÞP til að geta gefið afsökunarbeiðnina að honum væri ekki kunn ástæða þess að honum var vikið úr landsliðinu. Telur Aganefnd LH þessi rök ÞP frekar tilkomin eftirá og til nota við málsvörn ÞP hjá Aganefnd og því lítið um það annað að segja.

Aganefnd talaði við töluverðann fjölda aðila vegna máls ÞP. Það er rétt að ÞP var ekki veitt tækifæri til þess að koma að athugasemdum við framburð þessara aðila hjá nefndinni. Ef svo hefði átt að vera hefði ÞP þurft að vera viðstaddur samtöl nefndarinnar við umrædda aðila. Ofangreind samtöl nefndarinnar voru hluti af upplýsingaöflun nefndarinnar. Telur nefndin að ÞP hefði nú með þessari áfrýjun sinni getað komið að athugasemdum sínum við framburð þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í hinum kærða úrskurði, enda er framburður þeirra rakinn í úrskurðinum að því marki sem hann hefur þýðingu fyrir niðurstöðu málsins. Það gerir hann hins vegar ekki í kæru sinni. Aganefnd hafnar því að gefa hafi átt ÞP kost á því að tjá sig um framburð annarra aðila sem fyrir nefndina komu.

- III. Aganefnd tekur undir sjónarmið lögmanns ÞP þess efnis, að engin gögn benda til þess að ÞP hafi sýnt kynbótahross á heimsmeistaramótinu undir áhrifum áfengis og er því ekki haldið fram í hinum kærða úrskurði.
- IV. Í kæru er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði ekki tilkynntur til FEIF þar sem með slíkri tilkynningu færi ÞP sjálfkrafa í keppnisbann hjá öllum aðildarlöndum FEIF fyrir brot sem ekki sé refsivert samkvæmt reglum FEIF.

Um samspil regla FEIF sem eru alþóðasamtök Íslandshestafélaga og reglna L.H er þetta að segja: Almennt er aðeins einu félagi í hverju landi heimilað að gerast aðili að FEIF. Undantekning frá þessu er þó Ísland en aðilar á Íslandi eru bæði Bændasamtök Íslands og Landssamband Hestamannafélaga, sjá nánar kafla 3 í lögum FEIF "Membership". Ein af skyldum aðildarfélaga FEIF, sjá 3. kafla laga FEIF, er að virða og fylgja þeim bönnum og viðurlögum eftir sem fallið hafa gegn einstaklingum í aðildarfélögum FEIF "Giving notification to FEIF of bans and sanctions

relating to a person. Any such decisions made by FEIF or its member associations are to be accepted and adhered to by the FEIF member associations.” Af þessu er því alveg ljóst að samkvæmt lögum FEIF þarf aðildarfélagi að fara eftir og fylgja úrskurðum og dómum sem fallið hafa hjá öðru aðildarfélagi. Þetta þýðir m.ö.o að Bændasamtök Íslands sem og önnur aðildarfélög FEIF þurfa að virða úrskurð Aganefndar LH í máli ÞP fari svo að hann verði staðfestur.

Í lögum og reglum LH sjá kafla 2 um Agareglur, n.t.t. 2.1. sem og ákvæði 8. kafla um íþróttakeppni n.t.t. 8.1. segir að leggja skuli FIPO reglurnar til grundavallar við skipulagningu alþjóðlegra, innlendra og annarra viðburða sem varða íslenska hestinn. Þar kemur og fram að FIPO sé einnig gilt á öllum heimsmeistaramótum íslenska hestsins. Kemur og fram að FIPO reglurnar sem og hegðun allra persóna og annarra aðila sem með íslenska hestinn hafa að gera heyri einnig undir siðareglur “the Fédération Equestre Internationale (FEI). Í kafla 8.2.2. í FIPO reglunum (íslensku útgáfunni) sbr. kafla 3.2. í ensku útgáfunni kemur fram að Knapi sem er í keppnisbanni í einu FEIF landi fyrir brot á reglum þessum og hugtökum sem nefnd eru í formála FIPO, má ekki keppa í öðrum FEIF löndum þar til banninu hefur verið aflétt. Regla þessi er skýr. Hvað það varðar hins vegar að ÞP hafi með hegðun sinni ekki brotið neinar reglur FIPO, FIRO eða FEIF, eins og reyndar er haldið fram í kæru sem og í bréfi Marko Mazeland dags. 8. september til formanns Aganefndar LH er þó rétt að benda á eftirfarandi. Í kafla 2.3. í lögum LH sem ber heitið “Siðareglur: Heiðarleg keppni og hestaíþróttir” og í kafla 2.3.1 sem ber heitið “Ábyrgði keppenda, leiðbeinenda og þjálfara,” samskonar kaflar eru nr. 1.2. og 1.2.1. í FIPO reglunum, koma fram almennar stefnuyfirlýsingar um siðareglur og hegðun sem ber að viðhafa. Í kafla 2.31. í reglum L.H. (kafla .12.1. í FIPO) segir “*Þekktir keppendur verða að átta sig á hversu mikil áhrif þeirra fordæmi getur haft og viðurkenna ábyrgð sína sem fyrirmyndar. Þetta á við um gjörðir þeirra á hestinum sem og þegar hann er ekki á hestbaki, á upphitunarsvæði sem og á keppnisvelli*” Ákvæði þetta er í hinum svonefnda formála að FIPO. Aganefnd L.H telur því að ÞP hafi í raun brotið gegn reglum FEIF, þ.e. tilgreint ákvæði í kafla 2.3.1. í reglum L.H. sem er samhljóða og ákvæði 1.2.1. í FIPO reglunum. Því er bréf Marko Mazeland ekki allskostar rétt hvað þetta varðar. Þýðing þessa fyrir mál þetta er e.t.v. sú að L.H. ber samkvæmt tveimur heimildum að tilkynna ofangreint brot til FEIF, þ.e. samkvæmt ákvæði 8.2.2. í reglum L.H. og ákvæði 2.7.4.2.

Aganefnd L.H er ekki sá aðili sem tilkynnir til FEIF um brot ÞP fari svo að úrskurður nefndarinnar verði staðfestur af Dómstóli ÍSÍ, það er í höndum skrifstofu L.H að sjá um slíkar tilkynningar. Af framangreindu má þó ráða að verði slík tilkynning ekki send til FEIF er L.H að brjóta gegn þeim lögum og reglum sem L.H er aðila að í gegnum FEIF. Ljóst virðist jafnframt að Bændasamtökum Íslands ber sem aðildarfélagi að FEIF að virða úrskurð Aganefndar LH eins og öðrum landsfélögum.

- V. Hvað það varðar að lögmaður ÞP hafi ekki haft aðgang að gögnum málsins þá vísast til þess að nær öll þau gögn sem um ræðir eru opinber gögn sem

umbjóðandi lögmanns ÞÞ átti að hafa undir höndum og hefur m.a. kvittað undir að hafa kynnt sér. Önnur gögn voru annaðhvort afhent á fyrsta fundi nefndarinnar með aðilum eða boðist til þess að afhenda þau ef þess væri óskað.

Að lokum er um rök Aganefndar vitnað til hins kærða úrskurðar og þeirra gagna sem fylgja með greinargerð þessari. "

IV.

Þegar framangreind málsatvik og meðferð málsins fyrir Aganefnd LH eru virt verður ekki talið að aganefndin hafi brotið svo á rétti kæranda sem í kæru greinir að varði ógildi úrskurðar. Agabrotið er tilkynnt innan tímamarka og málið fékk síðan ítarlega meðferð hjá nefndinni þar sem kæranda gafst kostur á að koma að sínum sjónarmiðum áður en úrskurður var upp kveðinn. Af þeim sökum er ekki fallist á aðalkröfu kæranda að ógilda framangreindan úrskurð Aganefndar LH sem uppkveðinn var þann 29. september s.l.

Við ákvörðun á lengd keppnisbanns kæranda gat Aganefnd LH ekki stuðst við nein fordæmi af sama toga og var m.a. undir rekstri málsins vísað til fordæma úr öðrum íþróttagreinum. Með hliðsjón af agabroti kæranda sem á sér ekki stað á keppnisstað og afsökunarbeiðni hans frá 14. ágúst 2009 telur dómurinn rétt að fallast á varakröfu kæranda að stytta keppnisbann kæranda. Er það niðurstaða dómsins að hæfileg refsing sé keppnisbann í 9 mánuði frá 3. ágúst 2009 að telja, en það var upphafsdagur heimsmeistaramóts íslenska hestsins í Sviss 2009

Hins vegar ber með hliðsjón af orðalagi í grein 3.2. í reglum FIPO að tilkynna framangreint keppnisbann til alþjóðasamtaka Íslandshestafélaga (FEIF).

DÓMSORÐ

Ekki er fallist á aðalkröfu kæranda að ógilda framangreindan úrskurð Aganefndar LH sem var uppkveðinn þann 29. september s.l.

Kærandi er dæmdur í 9 mánaða keppnisbann frá 3. ágúst 2009 að telja.

Tilkynna ber framangreint keppnisbann til alþjóðasamtaka Íslandshestafélaga (FEIF)

Gunnar Guðmundsson

Um áfrýjun:

Heimilt er að skjóta dómi þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, og er áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu þess, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að framangreindur dómur var kveðinn upp.